

Maí 2012



**Leiðbeiningar  
fyrir  
Gæðingadómara**

## GÆÐINGAKEPPNI

Markmið gæðingakeppninnar er að finna besta reiðhestinn. Við þá leit ber dómurum ávallt að hafa í huga eftirfarandi höfuðforsendur:

### Vilji

Fyrsta og mikilvægasta atriði gæðingadóms er vilji/fjör reiðhestsins með öllu því skapgerðarívafi sem myndar viljann. Vilji og geð þarf að vera þannig að aðrir kostir hestsins nýtist sem best, en ekki má verða til að spilla fyrir þeim. Mest sé metið það fjör, sem án verulegrar viðkvæmni lætur allt í té af ljúfu geði og örlæti.

### Taktur og samræmi

Taktur gangsins er mjög mikilvægt atriði í dómi. Þess skal þó grandvarlega gætt að takturinn einn gefur ganginum ekki það hljómfall sem þarf til að skapa gæðing. Taktur, þó hreinn sé, ef sleginn er á stirða strengi, hefur ekki þann seiðmjúka klið sem veitir reiðmanninum þann unað sem fátt jafnast á við. Taktinum þarf að fylgja fjaðurmagn og mýkt. Stíll, taktur og samræmi í hreyfingum sé ávallt metið með það í huga hversu vel það skilar sér í kostum hestsins til reiðar að mati dómara.

Dæmi: Lyfting og snerpa sem eykur fjaðurmagn, framtak og mýkt, gefur hærri einkunn. Telji dómari að hestur sé hins vegar: ofreistur, ósamræmi í hreyfingum og fjaðurmagn lítið, hesturinn allur stífur og vélrænn, dregur það niður einkunn.

### Framtak og gangrými

Gripamikið og skörulegt framtak ber að meta hátt og því fremur ef saman fer fasmikill og fögur fótlyfta. Einkum skal gæta vel að samræmi í hreyfingum fram og afturfóta og meta til hækkunar eða lækkunar eftir sjónmati dómara. Ýkta fótlyftu sem jafnvel dregur úr framtaki og þrengir gagnrýni, ber að meta til lækkunar á einkunn.

### Fas og hreyfingarfeður

Glæsilegt og stolt fas með svifléttum, fjaðurmögnuðum og kjarklegum hreyfingum er aðalsmerki á góðum reiðhesti og lyftir einkunn hans verulega. Í gamalli reglugerð um reiðhesta segir: “Hreyfingar reiðhests eiga að vera léttar, fjaðurmagnaðar, háar, svifmiklar, hreinar, sniðfastar og frjálstar”.

Þessi lýsing er enn í fullu gildi og ber að fordæma allt sem rænir hestinn fjaðurmagni og frjálstu fasi, svo sem ýktan fótburð, sem ekki er í samræmi við aðrar hreyfingar hestsins. Á þessum grundvallaratriðum skal gæðingadómur byggjast.

## Stigatafla og hugtök sem dómara eiga að tileinka sér við dómstörf:

9,5 - 10	Fullkomin sýning	7,0 - 7,5	Sæmileg sýning
9,0 - 9,5	Frábær sýning	6,5 - 7,0	Slæm sýning
8,5 - 9,0	Mjög góð sýning	6,0 - 6,5	Afleit sýning
8,0 - 8,5	Nokkuð góð sýning	5,5 - 6,0	Afspyrnu léleg sýn.
7,5 - 8,0	Viðunandi sýning	5,0 - 5,5	Óviðunandi sýning

## FIGURÐ Í REIÐ

Dómsatriðið „Fegurð í reið“ á fyrst og fremst við feegurð hestsins í reið s.s. nafnið bendir til þ.e. líkamsbyggingu, fallegur höfuðburður, glæsilegar hreyfingar og fas sem gengur í gegnum allan hestinn, mikil útgeislun. Frábær reiðmennska og samspil manns og hests. Dæma ber á öllum gangtegundum þ.e. taka mið af öllum sýndum atriðum.

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn er glæsilegur með fallega borinn háls, takthreinn með fyllsta samræmi og háar glæsilegar hreyfingar. Höfuðburður glæsilegur, tagl fallega borið með hrynjanda í taglhreyfingunni, enginn taglsláttur, glaður og sáttur hestur. Reiðmennskan frábær.
- 9,0 - 9,5 **Frábær sýning.**  
Hesturinn er glæsilegur með fallega borinn háls, takthreinn með fyllsta samræmi og háar glæsilegar hreyfingar. Höfuðburður glæsilegur, tagl fallega borið með hrynjandi í taglhreyfingunni, enginn taglsláttur, glaður og sáttur hestur, hreyfingar aðeins minni en undir liðunum 9,5- 10. Reiðmennska frábær.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn takthreinn með fyllsta samræmi og háar fallegar hreyfingar. Höfuðburður fallegur, hrynjandi í gegnum taglhreyfinguna, enginn taglsláttur, sáttur hestur. Reiðmennskan góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn kemur fallega fyrir. Vel borinn háls og samsvarar sér vel (fótaborði ábótavant á einhverri gangtegundinni), takthreinn og góðar hreyfingar. Skortir á glæsileika í sýningunni, hreyfir taglslátt, sáttur hestur. Reiðmennskan er góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn kemur nokkuð vel fyrir, en skortir á líkamsfeegurð, t.d. stuttur háls, ósamræmi í byggingu, sáttur hestur, en taglsláttur af og til. Reiðmennska nokkuð góð.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hesturinn kemur ekki sannfærandi fyrir, ósamræmi í byggingu. Hreyfingar undir meðallagi á einhverri gangtegund, taktgallar, skortir á fas og/eða áberandi taglsláttur, nokkuð sáttur hestur. Reiðmennska er sæmileg.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Hesturinn ekki í góðu jafnvægi. Höfuðburður slæmur og hreyfingum ábótavant, taktur ekki góður, hesturinn óþjáll, samspil knapa og hests ábótavant. Skortir fas og feegurð, hesturinn ekki sáttur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Hesturinn jafnvægis lítill. Höfuðburður afleitur, gangtegundir litlar og/eða stórgallaðar, taglsláttur. Fas og feegurð ekki fyrir hendi. Hesturinn ósáttur. Reiðmennska slæm.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn í stöðugum mótþróá. Afleitar gangtegundir, stórgölluð sýning, taglsláttur. Fas og feegurð ekki fyrir hendi, hesturinn ósáttur. Stórgölluð reiðmennska.
- 5,0 - 5,5 **Atriðið ekki sýnt.**  
Hesturinn skilar engu af því sem ætlast er til af honum, mótþrói, ósáttur hestur, lítill sem engin reiðmennska.

## VILJI

Dómsatriðið „Vilji“ telur til þeirra þátta í fari hestsins sem snerta skap hans og geð s.s. fjör, kjark, snerpu, hlýðni og fylgni í reið. Hesturinn er sáttur við leiðtogahlutverk knapans og sækir fram, ánægður og glaður hverja þá leið sem knapinn bíður honum að fara. Þegar dæmt er af sjónskyni ber að taka mið af heildarsýningu og reiðmennsku.

- 9,5 - 10. **Fullkomin sýning.**  
Viljinn sívirkur, léttur, glaður, ásækinn án stífni eða spennu. Geðið gott, þannig að hesturinn leitast stöðugt við að gera knapanum til geðs. Hesturinn sækir fram, sáttur af gleði og mýkt. Frábær reiðmennska.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Viljinn sívirkur, léttur, glaður, ásækinn, án stífni eða spennu. Geðið gott, þannig að hesturinn leitast stöðugt við að gera knapanum til geðs. Hesturinn sækir fram sáttur af gleði, en ekki eins glaðsinna og hrífandi og undir lið 9,5-10. Frábær reiðmennska.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Viljinn léttur og ásækinn án stífni eða spennu. Geðið gott, hesturinn leitast við að gera knapanum til geðs. Hesturinn sækir fram viljugur og sáttur. Reiðmennska góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Viljinn ásækinn og fylginn sér með mýkt og sókn í hreyfingum. Geðið gott, skortir inn á milli samspil knapa og hests, nokkuð sáttur hestur. Reiðmennska góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Viljinn frekur og mýktar lítill, geðið ekki glatt, taglsláttur af og til en skilar sér vel áfram, og/eða viljinn vélrænn og lítið gefandi, þokkalega sáttur hestur. Reiðmennsku er ábótavant.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Viljinn ekki ásækinn, vantar áhuga og skortir á frumkvæði, reiðmennskan losaraleg inn á milli. Nokkuð sáttur hestur.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Viljinn ekki mikill, áhugaleysi, fas og gleði stórlega ábótavant, óþjálfri og kraftleysi í hreyfingum, hesturinn ekki sáttur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Viljinn lítill, áhugaleysi, mótþrói, stífni eða spenna.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Viljinn ekki fyrir hendi, hugsar stöðugt út af vellinum, latur, mótþrói, stífur og vantar alla sókn.
- 5,0 - 5,5 **Óviðunandi sýning.**  
Viljinn er latur og mýktarlaus. Mótþrói, öll sýningin í upplausn.

## FET

Fetgangur er hægagangur hestsins, hesturinn fetar meðal fet í góðu taumsambandi, taktur fjórskiptur, gangurinn sviflaus. Fetið dæmist hreint ef fjögur hófaslög í heilu skrefi eru öll með jöfnu millibili og takturinn stöðugur og jafn, hesturinn fetar meðalreistur og nær rúmu framfótaspori. Sýna skal fet c.a.  $\frac{3}{4}$  úr langhlið. Ef fet er aðeins sýnt helminginn af vegalengdinni er hámarkseinkunn 7,5.

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn fetar takthreinum og taktföstum rúmunum hreyfingum, meðal reistur í góðu taumsambandi, fasmikill og ákveðinn. Hreyfingar knapa og hests verða að samruna. Sáttur hestur. Frábær reiðmennska.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Hesturinn fetar takthreinum og með taktföstum rúmunum hreyfingum, meðal reistur í góðu taumsambandi. Skortir örlítið á glæsileika í fasi miðað við einkunn 9,5-10. Hreyfingar knapa og hests verða að samruna. Sáttur hestur. Frábær reiðmennska.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn fetar takthreint meðal reistur í góðu taumsambandi, rúmar hreyfingar, en skortir á glæsileika. Nær rúmu framfóta spori. Sáttur hestur. Reiðmennska góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn fetar takthreint og meðal reistur í góðu taumsambandi. En skortir rými í hreyfingum og glæsileika. Nær framfóta spori. Nokkuð sáttur hestur. Reiðmennska nokkuð góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn fetar takthreint, meðal reistur ekki stöðugt, gott taumsamband, rými og glæsileika ábótavant. Híkar inn á milli, nær framfótaspori. Nokkuð sáttur hestur. Reiðmennska viðunandi.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hesturinn heldur ekki taktfestu. Reisingu ábótavant, nær ekki framfótaspori, hikandi eða fetar á slökum taum, eða án nokkurs taumsambands. Nokkuð sáttur hestur. Reiðmennska sæmileg.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Taktur og reising stórlega óbótavant, skeiðlaginn eða stuttstígur. Hesturinn hikandi fram, stífur og/eða spenntur. Taumsambandi ábótavant. Ekki sáttur hestur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Stutt tiplandi fet, eða mjög skeiðborið. Hesturinn spenntur, taktleysi, spurning hvaða gangtegund hesturinn sýnir. Taumsamband varla fyrir hendi eða hesturinn á móti taum. Afleit reiðmennska.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn taktlaus, spenntur, mótþrói, sambandsleysi milli knapa og hests. Sýningin öll úr böndum. Reiðmennska léleg.
- 5,0 - 5,5 **Atriði ekki sýnt.**  
Hesturinn sýnir ekki atriðið eða grípur nokkur spor.

## Fet

### Stjórnun og áseta

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hreyfingar knapa og hests verða að samruna, þar sem samspil knapans í lóðréttri ásetu fylgja taktföstum mjúkum hreyfingum hestsins eftir og knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 9,0 - 9,5 **Frábær sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu fylgir hestinum taktfast eftir í mjög góðu jafnvægi. Gæti skort örlítið á einbeitingu hestsins. Fáguð sýning knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu fylgir hestinum taktfast eftir, hesturinn missir einbeitingu og sókn eina tvær hestlengdir. Örlitlir hnökrar í samspili knapa og hests. Knapinn er krefjandi og ákveðinn.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu, fylgir hestinum vel eftir, er virkur en skortir framsækni í reiðmennskunni og glæsileika. Áferðargóð sýning en skortir skörungsskap.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Áseta nokkuð góð en með nokkrum frávikum frá lóðréttri ásetu. Taumhaldi ábótavant inn á milli samband knapa og hests ábótavant á köflum vantar festu í sýninguna.
- 7,0 - 7,5 **Sæmileg sýning.**  
Ásetu greinilega ábótavant taumhald losaralegt. Hvatningarsamband flöktandi, knapann skortir frumkvæði. Samhæfing knapa og hests ábótavant, sannfæringu skortir í sýninguna.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Ásetu og taumhaldi ábótavant, eða grófar bendingar. Frumkvæði knapa lítt merkjanlegt. Sýningin gölluð.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Knapanum tekst illa eða ekki á köflum að ná fram atriðinu sem hann á að sýna, áseta úr böndum, stjórnleysi, grófar bendingar, afleit sýning þar sem áseta er truflandi.
- 5,0 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Knapinn er ekki í takt við hestinn, hefur ekki stjórn á hestinum, sýningin öll úr böndum, grófar ljótar aðgerðir eða engar markvissar aðgerðir.
- 5,0 **Atriði ekki sýnt.**

# TÖLT

Tölt er mjúkur og fjaðrandi gangur með fjórskiptum takti. Hesturinn er með samræmi í hreyfingum. Gangurinn dæmist hreinn ef fjögur hófaslög í heilu skrefi eru öll með jöfnu millibili, takturinn stöðugur og jafn. Fjöðrun og mýkt ganga í gegnum bol hestsins og skila taktföstum taglhreyfingum. Gæði töltsins eru aðalatriði í dómi en ekki hraði. Til að hljóta meðaleinkunn eða meira skal hesturinn tölta eina langhlið.

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn, fjaðrandi mjúkur með háum glæsilegum hreyfingum og framgripi með góðu samræmi milli aftur og fram hluta, er í góðu taumsambandi, frábært fjaðurmagn og mýkt og taktfastar taglhreyfingar, glæsileiki í fyrir rúmi. Hesturinn er sáttur. Reiðmennska frábær.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn, fjaðrandi mjúkur með háum glæsilegum hreyfingum og framgripi, með góðu samræmi milli aftur og framhluta, í góðu taumsambandi, fjaðurmagn, mýkt og taktfastar taglhreyfingar, glæsileiki, en skortir örlítið á tíguleika miðað við einkunn 9,5-10. Hesturinn er sáttur. Reiðmennska frábær.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn og fjaðrandi, með háum fallegum hreyfingum. Er í góðu taumsambandi og fyllsta samræmi milli aftur og framhluta, taktfastar taglhreyfingar. Hesturinn er sáttur. Reiðmennska góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint, með mjúkum fallegum hreyfingum, í góðu taumsambandi. Taktföst sýning, mýkt og taglhreyfingar en skortir á glæsileika. Hesturinn er sáttur. Reiðmennska góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint, skortir á fjöðrun, fótaturð og mýkt. Sýningin kraftlítill og skortir fegurð. Mýkt og taglhreyfingu ábótavant. Taumsamband ekki stöðugt. Hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennska viðunandi.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hesturinn skortir hreinleika í takti, skrefastór hágengur en bundinn inn á milli, tapar takti af og til, eða lággengur. Gæði gangtegundarinnar ábótavant, hik í sýningunni. Hreyfingin gengur ekki í gengum hesturinn, hrynjanda og taglburði ábótavant. Hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennska ábótavant.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Hesturinn skortir hreinleika í takti, blandar gangtegundina öðrum gangtegundum, skortir fas og samhæfingu. Taumsamband er slæmt. Hesturinn ekki sáttur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Hesturinn skortir takt og frumkvæði. Hoppar upp á fótinn, blandar öðrum gangtegundum eða er nær brokki eða skeiði. Töltir áhugalítill. Sambandsleysi milli knapa og hests. Hesturinn ekki sáttur. Reiðmennska afleit.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn er taktlaus og gangtegundin vart merkjanleg, blandar saman öðrum gangtegundum. Hikandi, mótþrói o.fl.
- 5,0 - 5,5 **Atriði ekki sýnt.**  
Hesturinn sýnir ekki atriði eða grípur nokkur skref.

## HÆGT TÖLT

Hægt tölt er mjúkur og fjaðrandi gangur með fjórskiptum takti. Hesturinn er safnaður og með samræmi í hreyfingum. Gangurinn dæmist hreinn ef fjögur hófaslög í heilu skrefi eru öll með jöfnu millibili, takturinn stöðugur og jafn. Fjöðrun og mýkt ganga í gegnum bol hestsins og skila taktföstum taglhreyfingum. Til að hljóta meðaleinkunn eða meira skal hesturinn tölta eina langhlið á greinilegu hægu tölti. Viðmiðun fyrir hraða: Hesturinn á að geta gengið hægt tölt í fullu jafnvægi á 10 metra baug á jöfnum hraða.

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint, fjaðrandi mjúkur með háum glæsilegum hreyfingum og framtaki, safnaður með góðu samræmi milli aftur og fram hluta, sáttur í góðu taumsambandi, fjaðurmagn, mýkt og taktfastar taglhreyfingar á hægu tölti. Dansandi hreyfing og glæsileiki í fyrirrúmi. Reiðmennska er frábær.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint, fjaðrandi mjúkur með háum glæsilegum hreyfingum og framtaki, safnaður með góðu samræmi milli aftur og framhluta. Hesturinn er sáttur í góðu taumsambandi, fjaðurmagn, mýkt og taktfastar taglhreyfingar á hægu tölti. Dansandi hreyfing og glæsileiki, en skortir örlítið á tíguleika miðað við einkunn 9,5-10. Reiðmennska er frábær.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint og fjaðrandi, með háum fallegum hreyfingum. Hesturinn sáttur í góðu taumsambandi á hægu tölti, safnaður og fyllsta samræmi milli aftur og framhluta, taktfastar taglhreyfingar. Reiðmennska er góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint, með mjúkum fallegum hreyfingum. Hesturinn er sáttur, í góðu taumsambandi á hægu tölti. Taktföst sýning, mýkt og taglhreyfingar en skortir á glæsileika. Reiðmennska nokkuð góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn gengur takthreint, skortir fótaborð, mýkt og söfnun. Kominn í efri mörk hvað hraða varðar. Sýningin kraftlítill og/eða skortir fegurð. Mýkt og taglhreyfingu er ábótavant. Taumsamband ekki stöðugt. Reiðmennska viðunandi.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hestinn skortir hreinleika í takti, er bundinn inn á milli, skrefastór, hágengur, tapar takti af og til, eða laggengur. Hraði of mikill, hesturinn ekki sáttur. Gæði gangtegundarinnar ábótavant, hik í sýningunni. Hreyfingin gengur ekki í gengum hestinn, taglborði er ábótavant. Reiðmennska sæmileg.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Hestinn skortir hreinleika í takti, blandar gangtegundina öðrum gangtegundum, skortir fas og samhæfingu. Taumsamband slæmt. Hraði of mikill, allt að milliferð, hesturinn er ósáttur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Hestinn skortir takt og frumkvæði. Hoppar upp á fótinn, blandar öðrum gangtegundum eða er nær brokki og/eða skeiði. Töltir áhugalítill, allt of hratt. Sambandsleysi milli knapa og hests, ósáttur hestur.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn er taktlaus og gangtegundin vart merkjanleg, blandar saman öðrum gangtegundum. Milliferð, hikandi, mótþrói o.fl
- 5,0 - 5,5 **Atriði ekki sýnt.**  
Hesturinn sýnir ekki atriði eða grípur nokkur skref.



## GREITT TÖLT

Dómsatriðið greitt tölt lýtur sömu skilgreiningu og tölt hér að framan að því undanskildu að sýna skal ganginn á meiri hraða þ.e. nokkuð yfir milliferðarhraða til að ná meðaleinkunn eða hærri gæði gangtegundarinnar er mikilvægt atriði. Hesturinn er framsækinn og sáttur. Til að hljóta meðaleinkunn eða meira skal hesturinn tölta eina langhlið.

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn með fullu samræmi í hreyfingum, fjaðrandi mjúkur með háum, framtaksmiklum glæsilegum hreyfingum, höfuðburður glæsilegur á greiðu tölti. Hrynjandi hreyfingar skila sér í taglburði. Hesturinn er sáttur í góðu taumsambandi. Reiðmennska frábær.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn með fullu samræmi í hreyfingum, fjaðrandi mjúkur með háum framtaksmiklum glæsilegum hreyfingum, höfuðburður glæsilegur á greiðu tölti. Hrynjandi hreyfingar skila sér í taglburði. Skortir örlítið á fas og kraft miðað við einkunn 9,5-10. Hesturinn sáttur í góðu taumsambandi. Reiðmennska er frábær.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn, með fullu samræmi í hreyfingum, fjaðrandi mjúkur, fas fallegur á greiðu tölti. Höfuðburður góður. Hrynjandi hreyfingar skila sér í taglburði. Hesturinn er sáttur í góðu taumsambandi. Reiðmennskan er góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn og mjúkur með góðu samræmi í hreyfingum, fas góður, lyftir vel á greiðu tölti. Hrynjandi hreyfingar skila sér í taglburði. Höfuðburði og fasi er ábótavant, verður langur. Hesturinn sáttur í góðu taumsambandi. Reiðmennskan góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn gengur takthreinn og mjúkur, skortir fjöðrun og fótalyftu, fas ábótavant. Stífur, frekur, áhugalaus, hik í sýningunni, nær liðlega milliferð. Taumsamband ekki stöðugt. Hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennsku ábótavant.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hestinn skortir hreinleika í takt, bundinn, skrefastór hágengur, leitar í brokk, eða lággengur. Hikandi sýning, gæði gangtegundarinnar ábótavant. Nær varla milliferð hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennsku ábótavant.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Hestinn skortir hreinleika í takt, blandar gangtegundina öðrum gangtegundum. Skortir fas, kraft og samhæfingu, lítur ekki vel að stjórn knapans. Hesturinn ekki sáttur. Nær ekki milliferð. Reiðmennsku ábótavant.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Hestinn skortir takt og frumkvæði, hoppar upp á fótinn, blandar öðrum gangtegundum, er nær brokki eða skeiði, áhugalítill. Ferðlítill eða ferðmikill, mótþrói.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn er taktlaus og gangtegundin lítt merkjanleg. Blandar gangtegundum, mótþrói o.fl.
- 5,0 - 5,0 **Atriðið ekki sýnt.**  
Hesturinn sýnir ekki atriðið eða nokkur skref.

## Tölt

### Stjórnun og áseta

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hreyfingar knapa og hests verða að samruna, þar sem samspil knapans í lóðréttri ásetu fylgja taktföstum mjúkum hreyfingum hestsins eftir og knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 9,0 - 9,5 **Frábær sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu fylgir hestinum taktfast eftir í mjög góðu jafnvægi. Gæti skort örlítið á einbeitingu hestsins. Fáguð sýning, knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu fylgir hestinum taktfast eftir, hesturinn missir einbeitingu og sókn eina tvær hestlengdir. Örlitlir hnökrar í samspili knapa og hests. Knapinn er krefjandi og ákveðinn.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu, fylgir hestinum vel eftir, er virkur en skortir framsækni í reiðmennskunni og glæsileika. Áferðargóð sýning en skortir skörungsskap.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Áseta nokkuð góð en með nokkrum frávikum frá lóðréttri ásetu. Taumhaldi ábótavant inn á milli, samband knapa og hests ábótavant. Á köflum vantar festu í sýninguna.
- 7,0 - 7,5 **Sæmileg sýning.**  
Ásetu greinilega ábótavant og taumhald losaralegt. Hvatningarsamband flöktandi, knapann skortir frumkvæði. Samhæfing knapa og hests ábótavant, sannfæringu skortir í sýninguna.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Ásetu og taumhaldi ábótavant, eða grófar bendingar. Frumkvæði knapa lítt merkjanlegt. Sýningin gölluð.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Knapanum tekst illa eða ekki á köflum að ná fram atriðinu sem hann á að sýna, áseta úr böndum, stjórnleysi, grófar bendingar, afleit sýning þar sem áseta er truflandi.
- 5,0 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Knapinn er ekki í takt við hestinn, hefur ekki stjórn á hestinum, sýningin öll úr böndum, grófar ljótar aðgerðir eða engar markvissar aðgerðir.
- 5,0 **Atriði ekki sýnt.**

## BROKK

Brokk er tvítakta milliferðargangur, skástæð hreyfing með svifi. Gangurinn dæmist hreinn ef frávik frá tvítakti eru ekki merkjanleg. Til að fá meðaleinkunn eða meira skal hesturinn brokka eina langhlið hringvallarins. Brokk getur verið allt frá hægu brokki upp í yfirferðarbrokk, hesturinn er meðalreistur í góðu taumsambandi.

- 9,5 - 10. **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn brokkar takthreinn, röskur, rúmur skrefstór, svifmikill og fjaðrandi í góðu taumsambandi. Gott jafnvægi, samræmi í hreyfingum, fas, höfuðburður og framganga glæsileg. Skörungsskapur, sáttur hestur. Reiðmennska frábær.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Hesturinn brokkar takthreinn, röskur, rúmur skrefstór, svifmikill og fjaðrandi í góðu taumsambandi. Gott jafnvægi, samræmi í hreyfingum, fas, höfuðburður og framganga glæsileg. Skörungsskapur, sáttur hestur, en skortir örlítið á glæsileika miðað við einkunn 9,5-10. Reiðmennska frábær.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn brokkar takthreinn, rösklega rúmunum skrefastórum sporum. Svifmikill og fjaðrandi í góðu taumsambandi, gott jafnvægi og samræmi í hreyfingum, skortir aðeins á glæsileika og/eða drift í sýninguna. Sáttur hestur. Reiðmennska góð.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn brokkar takthreinn, röskum sporum, í jafnvægi í góðu taumsambandi. Glæsileika, skrefastærð og áferð sýningarinnar er óbótavant. Sáttur hestur. Reiðmennska nokkuð góð.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn brokkar takthreinn. Skortir á röskleika, hreyfingar, svif og fas, skortir stöðugt taumsamband. Hikandi og kraftlítil sýning. Nokkuð sáttur hestur. Reiðmennsku ábótavant.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hesturinn missir takt inn á milli, eða greinilegur fjórtaktur er í hreyfingunum. Skortir stöðugt taumsamband. Vantar fylgni, ójafnvægi í sýningunni. Nokkuð sáttur hestur. Reiðmennsku ábótavant.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Hesturinn er með töluverða taktgalla. Helst illa á brokkinu eða grípur í annan gang inn á milli, reising og áferð sýningarinnar ábótavant. Óstöðugleiki. Taumsambandi ábótavant. Hestur ekki sáttur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Hesturinn er með mikla taktgalla, helst illa á brokkinu, stuttstígur, sýningin ljót og gölluð. Taumsamband varla fyrir hendi.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn víxlar, stuttstígur, skiptir oft um gang, mótþrói, flöktandi og sambandslítill við knapann. Atriðið varla sýnt.
- 5,0 - 5,5 **Atriði ekki sýnt.**  
Hesturinn sýnir ekki atriðið eða grípur nokkur skref.

## Brokk

### Stjórnun og áseta

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hreyfingar knapa og hests verða að samruna þar sem samspil knapans í lóðréttri ásetu fylgja taktföstum mjúkum kröftugum hreyfingum hestsins eftir. Knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 9,0 - 9,5 **Frábær sýning.**  
Knapinn í lóðléttri ásetu, fylgir hestinum taktfast eftir í mjög góðu jafnvægi, gæti skort örlítið á einbeitingu hestsins. Kraftmikil og faguð sýning, knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Knapinn í lóðléttri ásetu eða stígur brokkið, fylgir hestinum taktfast eftir, hesturinn missir einbeitingu og sókn eina, tvær hestlengdir, örlitlir hnökrar í samspili knapa og hests. Knapinn er krefjandi og ákveðinn.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Knapinn í lóðréttri ásetu eða stígur brokkið, fylgir hestinum taktfast eftir, er virkur en skortir framsækni í reiðmennskuna og glæsileika. Áferðargóð sýning en skortir á skörungsskap.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Áseta nokkuð góð en með nokkrum frávikum. Frá lóðréttri ásetu eða stígandi ásetu, taumhaldi er ábótavant inn á milli. Samband knapa og hests ábótavant á köflum, vantar festu í sýninguna.
- 7,0 - 7,5 **Sæmileg sýning.**  
Ásetu greinilega mjög ábótavant, knapann skortir frumkvæði og er farþegi á hestinum og óöruggur með sig. Taumhald flöktandi og óstöðuleiki ríkjandi í sýningunni.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Ásetu og taumhaldi ábótavant, eða grófar bendingar. Frumkvæði knapa lítt merkjanlegt. Sýningin gölluð.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Knapanum tekst illa/eða ekki á köflum að ná fram atriðinu sem hann á að sýna. Áseta úr böndum, stjórnleysi, grófar bendingar, þar sem áseta er truflandi.
- 5,0 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Knapinn úr takt, nær ekki að hafa stjórn á hestinum, sýningin öll úr böndum. Grófar ljótar ábendingar eða engar markvissar aðgerðir.
- 5,0 **Atriði ekki sýnt.**

## STÖKK

Kraftmikill yfirferðargangur með greinilegu svifi. Stökk er með mörgum tilbrigðum, frá hægu mjúku þrítakta stökki, að mjög kröftugum yfirferðar gangi. Gangurinn dæmist hreinn ef snið stökksins er til sömu hliðar aftan og framan, og gangurinn þrítakta með góðu svifi, á yfirferðar stökki leyfist örlítt fjórtaktur. Andstæðan er kýrstökkið, snið aftur og framfóta gengur á víxl og er ógilt til einkunnar. Stökk skal sýna minnst heila langhlið 300 metra hringvallar til meðaleinkunnar eða hærri.

9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**

Hesturinn stekkur takthreint með fullu samræmi í hreyfingum, í góðu jafnvægi, stekkur af snerpu og mýkt. Tekur stökkið mjúklega á skammhlið, sýnir hægt stökk svifmikið og lyftir sér hátt frá jörðu, síðan góða hraða aukningu á langhlið, hægir ferðina án stífni og átaka. Hesturinn stekkur með framtaks miklum hreyfingum og fasi í góðu taumsambandi og er sáttur. Reiðmennskan frábær.

9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**

Hesturinn stekkur takthreint með fullu samræmi í hreyfingum, í góðu jafnvægi, stekkur af snerpu og mýkt. Tekur stökkið mjúklega á skammhlið, sýnir hægt stökk, svifmikið og lyftir sér vel frá jörðu og sýnir góða hraða aukningu á langhlið, hægir ferðina án stífni og átaka. Hesturinn stekkur með framtaks miklum hreyfingum og fasi í góðu taumsambandi og er sáttur en skortir á glæsileika miðað við einkunn 9,5-10. Reiðmennskan frábær.

8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**

Hesturinn stekkur takthreint með góðu samræmi í hreyfingum. Stekkur af snerpu og mýkt, sýnir hægt stökk og góða hraða aukningu á langhlið. Hægir ferðina án stífni og átaka. Framtaksgóðar hreyfingar og fas í góðu taumsambandi og er sáttur. Skortir á glæsileika. Reiðmennska er góð.

8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**

Hesturinn stekkur takthreint í góðu jafnvægi, sýnir hægt stökk, stekkur af snerpu en skortir mýkt og svif og/eða snerpu. Fasgóður, í góðu taumsambandi og er sáttur en skortir glæsileika. Reiðmennska nokkuð góð.

7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**

Hesturinn stekkur takthreint en skortir kraft og svif. Flatur, fas ábótavant. Í góðu taumsambandi, hesturinn nokkuð sáttur, óstöðug reiðmennska. Reiðmennska viðunandi.

7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**

Hestinn skortir hreinleika í takt. Mikill fjórtaktur, gengur að aftan, og/eða langur, sviflítið og þungt stökk eða gengur mikið, stekkur upp í loft að framan og kemst ekki hratt yfir, (skilar lítið áfram) reiðmennsku ábótavant. Skiptir á milli hægra og vinstra stökks á langhliðinni. Hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennska sæmileg.

6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**

Hestinn skortir hreinleika í takt, stekkur þungt, snerpulaust, kýrstökk að hluta langhliðar. Reiðmennska slæm. Hesturinn er ekki sáttur.

6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**

Hestinn skortir hreinleika í takt, blandar saman kýrstökki á langhlið, þungur fram á beislið, streðar við knapann. Átök og óþjálni í sýningunni. Reiðmennska afleit.

5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**

Hesturinn taktlaus og gangtegundin lítt merkjanleg, blandar gangtegundum, mótþrói o.fl.

5,0 - 5,5 **Atriði ekki sýnt.**

Hesturinn sýnir ekki atriðið. Grípur örfá skref. KÝRSTÖKK.

## Stökk

### Stjórnun og áseta

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hreyfingar knapa og hests verða að samruna þar sem samspil knapans í háfléttri ásetu fylgja taktföstum mjúkum kröftugum hreyfingum hestsins eftir. Knapinn er í lykilstjórnunar hlutverki og horfir fram.
- 9,0 - 9,5 **Frábær sýning.**  
Knapinn í háfléttri ásetu, fylgir hestinum taktfast eftir í mjög góðu jafnvægi, gæti skort örlítið á einbeitingu hestsins. Kraftmikil og faguð sýning, knapinn er í lykil stjórnunarhlutverki og horfir fram.
- 8,5 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Knapinn í háfléttri eða lóðréttri ásetu, fylgir hestinum taktfast eftir, hesturinn missir einbeitingu og sókn eina, tvær hestlengdir, örlitlir hnökrar í samspili knapa og hests. Knapinn er krefjandi og ákveðinn.
- 8,0 - 8,5 **Nokkuð góð sýning.**  
Knapinn í háfléttri eða lóðréttri ásetu, fylgir hestinum taktfast eftir, er virkur en skortir framsækni í reiðmennskuna og glæsileika. Áferðargóð sýning en skortir á skörungsskap.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Áseta nokkuð góð en með nokkrum frávikum. Frá háfléttri/ lóðréttri ásetu, taumhaldið ábótavant inn á milli. Samband knapa og hests ábótavant á köflum, vantar festu í sýninguna.
- 7,0 - 7,5 **Sæmileg sýning.**  
Ásetu greinilega mjög ábótavant, knapann skortir frumkvæði og er farþegi á hestinum og óöruggur með sig. Taumhald flöktandi og óstöðuleiki ríkjandi í sýningunni.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Ásetu og taumhaldi ábótavant, eða grófar bendingar. Frumkvæði knapa lítt merkjanlegt. Sýningin gölluð.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Knapanum tekst illa/eða ekki á köflum að ná fram atriðinu sem hann á að sýna. Áseta úr böndum, stjórnleysi, grófar bendingar, þar sem áseta er truflandi.
- 5,0 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Knapinn úr takti, nær ekki að hafa stjórn á hestinum, sýningin öll úr böndum. Grófar ljótar ábendingar eða engar markvissar aðgerðir.
- 5,0 **Atriði ekki sýnt**

## SKEIÐ

Skeið (vekurð) er kraftmikill tvítakta yfirferðargangur, með öfluglu framtaki. Gangurinn dæmist hreinn ef svif er greinilegt, hesturinn teygir sig, lækkar reisingu spyrnir kröftuglega og réttir vel úr fótum. Frávik niður komu samhliða fóta ekki merkjanlegur. Til að hljóta meðaleinkunn 7.5 eða meira skal hesturinn fara á hreinu skeiði minnst 100m.

- 9,5 - 10 **Fullkomin sýning.**  
Hesturinn tekinn á takthreint skeið af röskri stökkferð. Hesturinn lækkar reisingu og flugskeiðar heilan sprett án mistaka, rúmt skeið, skrefmikið takthreint og afar ferðmikið. Fullkomið taumsamband, niðurtaka átakalaus og mjúk. Kraftmikil og glæsileg sýning, endar sprettinn vel, hægir hestinn mjúklega niður. Hesturinn sáttur. Reiðmennskan frábær.
- 9,0 - 9,4 **Frábær sýning.**  
Hesturinn tekinn á takthreint skeið af röskri stökkferð, hesturinn lækkar reisingu og flugskeiðar heilan sprett án mistaka, rúmt skeið, skrefmikið takthreint og afar ferðmikið. Fullkomið taumsamband, niðurtaka átakalaus og mjúk. Kraftmikil og glæsileg sýning, endar sprettinn vel og hægir hestinn mjúklega niður. Hesturinn er sáttur. Reiðmennskan frábær. Skortir örlítið á glæsileika hestsins miðað við einkunn 9,5-10.
- 8,6 - 9,0 **Mjög góð sýning.**  
Hesturinn tekinn á takthreint skeið af góðri stökkferð, lækkar reisingu, flugskeiðar heilan sprett af snerpu án mistaka, gott taumsamband. Rúmt skeið, kraftmikið, hesturinn er sáttur. Góð reiðmennska.
- 8,0 - 8,6 **Nokkuð góð sýning.**  
Hesturinn tekinn á takthreint skeið af góðri stökk ferð en vantar kraft eða rými í skeiðið. Tekinn á skeið af tölti eða brokki og skeiðar rúmt skeið, kraftmikið. Lækkar reisingu, skeiðar heilan sprett af snerpu án mistaka. Endar sprettinn ekki vel, hægir ekki niður. Nokkuð góð reiðmennska. Hesturinn nokkuð sáttur.
- 7,5 - 8,0 **Viðunandi sýning.**  
Hesturinn tekinn á takthreint skeið af einhverri gangtegund. Áferðargott en skortir snerpu og glæsileika, skilar heilum spretti, endar sprettinn ekki vel, eða knapinn þarf að leiðrétta hestinn nokkrum sinnum á sprettinum. Hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennska viðunandi.
- 7,0 - 7,4 **Sæmileg sýning.**  
Hesturinn tekinn á skeið af einhverri gangtegund. Taktgallar í skeiðinu, fjórtaktur greinilegur, knapinn þarf oft að leiðrétta hestinn á sprettinum, skortir ferð, eða kraftmiklar skeiðhrifsur, taumsamband ekki gott. Endar sprettinn ekki vel. Hesturinn nokkuð sáttur. Reiðmennska sæmileg.
- 6,5 - 7,0 **Slæm sýning.**  
Hesturinn tekinn á skeið af einhverri gangtegund, taktgallar, óstöðugleiki, skeiðhrifsur 50-60 metra, ofríki eða styttir sig. Áferðarslæm sýning, ósáttur hestur. Reiðmennska slæm.
- 6,0 - 6,5 **Afleit sýning.**  
Hesturinn tekinn á skeið af einhverri gangtegund, takt gallar eða ferð lítið (kastskeið) áhugaleysi eða ofríki, skeiðhrifsur. Reiðmennska slæm.
- 5,5 - 6,0 **Afspyrnu léleg sýning.**  
Hesturinn víxlar, lullar, ofríki, áhugaleysi, mótprói, sambandslíttill við knapann. Atriðið varla sýnt.
- 5,0 - 5,5 **Atriðið ekki sýnt.**  
Hesturinn sýnir ekki atriðið eða grípur nokkur skref.